

Uppsetning innihurða


Leiðbeiningar um uppsetningu og frágang á Prum innihurðum

Það er ótrúlega **auðvelt að koma Prum hurðunum fyrir**. Það þarf hvorki að skrúfa karminn í vegginn né negla. Þó ber að minna á að til að tryggja bestan frágang gæti verið rétt að leita til fagmanna.


Verkfæri og áhöld

Verkfæri og áhöld við uppsetningu Prum innihurða

- Málband
- Hallamál
- Hvítt trélím
- Tréflýgar
- Stífur (amk. þrjár)
- Stjörnuskrúfjárn
- Sexkantykli (4 mm)
- Hamar
- Festifrauð




1. Veggmál og opnun
Berid merkingar á umbúðunum saman við veggmál og opnun, þ.e. vinstri eða hægri.



2. Karmur settur saman
Berid trélím á samsetningarflatina og sláid spennurnar í raufirnar.




3. Karmur settur í dyrnar
Stillið karminn af í dyrunum og notið fleyga til að skorða hann (2 fleyga að ofan og 3 á hvora hlið). Setjið stífur á móti hliðarflýgunum.



4. Karmurinn festur
Sprautið festifrauði milli karms og veggjar á móts við stífur. Fylgið í öllu leiðbeiningum á frauðbrúsanum.



5. Hurðarfaldur festur í karminn
Þegar frauðið er þornað er gereftinu einfaldlega rennt í raufina.



6. Lamir settar í karminn
Setjið lamirnar í lamastykkið á innanverðum karminum og látið þær standa um 2 mm út úr karminum. Festið þær með sexkanti í gegnum götin á hlið karmsins.



7. Að lokum
Festið hurðina á karminn og fjarlægjið stífurnar.

Leiðbeiningar um uppsetningu á EI-CS30 og EI-CS60 hurðum

Leiðbeiningar um uppsetningu og frágang á Prum EI-CS30 hurðum

1. Losið úr lamir sem fyrir eru í hliðarstykki og setjið meðfylgjandi EI-CS30 lamir og skrúfur (5 stk.pr/löm).
2. Skrúfið slúttjárn úr hliðarstykki og skrúfið meðfylgjandi slúttjárn í hliðarstykkið með sömu skrúfum.
3. Berið trélím á alla samsetningarflatir karmsins. Setjið topp- og hliðarstykki karms saman með þar tilgerðum smellum og hjámiðjuklemmum; nánari skýringar fylgja með karmi.
4. Setjið karminn í hurðargatið og stillið af með tréflýgum, notið þröskuld sem mát til þess að halda réttu bili að neðan, stillið lóðrétt og lárétt. Nauðsynlegt er að stilla karminn vel af í lóð til þess að hurðin leggst vel í þéttlistana og góð reykbéttning náist.
5. Leggið meðfylgjandi mátborða við lamagat karmsins og borið með 20 mm bor í gegnum gereftið. Festið nú lömina í vegginn með 10 x 110 mm járnhulsbolta 2 stk. í hvora löm (ekki má nota skrúfur með plasttappa), lokið gatinu með tappa.

6. Karminn skal skrúfa í hurðargatið með minnst 4 stk. járnhulsboltum (sama stærð) í hvort hliðarstykki.
7. Harðpakka skal með steinull milli veggjar og karms.
8. Berið trélím á samsetningarflatir gerefta og setjið saman með hjámiðjuklemmum.
9. Rennið síðan gereftinu í raufina.
10. Skrúfið lamirnar á hurðina með 4,0 x 50 mm skrúfum og hengið hana á karminn; kannið vel hvernig hurðin leggst í þéttlistana og stillið af.
11. Þröskuld skal svo líma niður með þiljugripi.
12. Límið meðfylgjandi EI-CS30 viðurkenningarmerki í hurðafals.

